

Fréttatilkynning til Kauphallar Íslands:

Árshlutareikningur RARIK fyrstu sex mánuði ársins 2024.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á fyrri hluta ársins 2024 nam 1.571 milljónum króna en var 916 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2023.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 697 milljónir króna á tímabilinu en þeir voru neikvæðir um 914 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2023. Fjármagnstekjur voru 612 milljónir króna fyrir hluta 2024 en voru 758 milljónir króna. Fjármagnsgjöld lækkuðu úr 1.672 milljónum króna í 1.309 milljónir króna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 874 milljónum króna samanborið við 2 milljónir króna á sama tímabili 2023.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 3.283 milljón króna, samanborið við 2.471 milljónir króna árið áður.

Hreint veltufé frá rekstri, fyrir vexti og skatta, var 3.120 milljónir króna samanborið við 2.385 milljónir króna á sama tímabili árið 2023.

Eignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2024 voru 94.770 milljónir króna en skuldir 36.352 milljón króna. Eigið fé félagsins var því 58.417 milljónir króna og eiginfjárlutfallið um 61,6%.

Fjárfestingar á árinu 2024 eru áætlaðar um 7,6 milljarðar króna en fjárfestingar fyrstu sex mánuði ársins námu um 3,1 milljörðum króna.

Gert er ráð fyrir að rekstur RARIK á árinu 2024 fyrir fjármagnsliði verði sambærilegur á seinni helmingi ársins en heildarafkoma ársins ræðst að verulegu leyti af þróun verðlags sem hefur áhrif á fjármagnsliði samstæðunnar.

Árshlutareikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskila stöðlum.

Árshlutareikningur RARIK fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 var samþykktur á fundi stjórnar þann 22. ágúst 2024. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK í síma 528-9000.